

Útaf þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn-  
**162** anlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu  
 4. nóv. brjefi yðar,\* að ráðaneytið verður að fallast á skoðun þá, er þjer hafði látið  
 í ljósi.

**163** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að eigi megi veita þeim,  
 4. des. sem tjón biðu af jarðskjálptunum, styrk af »jarðeldasjóðnum«. — »Jafnframt því að  
 skýra frá því, að sýslunefndirnar í Rangárvallasýslu og Árnessýslu hafi farið  
 þess á leit við yður, að nefndum sýslum yrði veittur sem mestur styrkur af  
 »styrktarsjóði handa þeim, sem biða tjón af jarðeldi á Íslandi«, — en skipulags-

\*Brjef landshöfðingja.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að senda hjálagða þingsályktun um kennslu  
 í íslenzkri tungu, sem samþykkt hefur verið eptir löglegan undirbúning af neðri deild alþingis,  
 is, ásamt danskri þýðingu af ályktuninni.

Á aukabínginu 1894 var því nær samhljóða ályktun, er var orðuð sem þingsályktun  
 beggja deilda alþingis, samþykkt af neðri deild með 12 atkvæðum gegn 10, en felld í  
 einu hljóði af efri deild. Á síðasta alþingi sneiddi hlutadeigandi tillögumaður hjá skeri því,  
 er tillaga hans strandaði á árinu áður, með því að orða hana sem þingsályktun neðri deildar  
 einnar, og þannig heppnaðist að fá hana samþykkt með 13 atkvæðum gegn 10, en með því  
 er alls eigi sannað, að meiri hluti alþingis sje nú, fremur en í fyrra, hlyntur ráðstöfun þeirri,  
 er þingsályktunin fer fram á.

Eins og tekið var fram í umræðunum um þetta mál á alþingi, sbr. Alþingisstíðindin  
 in B, 1843.-46. d., mundi skipun nefndar til þess að gjöra tillögur um hina beztu íslenzku  
 rjettritun, og ennfremur samning og prentun rjettritunarreglna eða rjetritunarorðabókar hafa  
 allmikinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð, og með því að ekkert fje er veitt til þessa  
 á fjárlögunum, verða fyrstu 3 liðir ályktunarinnar þegar af þeirri ástæðu eigi teknir til greina,  
 en við það bætist, eins og tekið var fram í umræðunum á alþingi bæði í ár og í fyrra, að  
 það er mjög efasamt, að það sje þörf á því eða það sje heppilegt, að stjórnin skipi fyrir um  
 tiltekna íslenzka rjettritun, auk þess að það nú sem stendur mundi ördugt að finna 3 hæfa  
 vísindamenn, auk heldur fleiri, sem trúandi væri til þess að koma sjer saman um sameigin-  
 lega tillögu um rjettritunarreglur, er eigi einungis fjellu stjórninni í geð, heldur og öllum þorra  
 skrifandi og lesandi Íslendinga. 3 næstu liðir tillögunnar (4.—6.) virðast vera óþarfir, því  
 að kennslan í Íslenzku, ekki einungis í lærða skólanum, sem líklega er einkum átt við í ályktuninni,  
 heldur einnig í hinum öðrum skólum, þar er kennt er meira en íslenzk rjettritun, er  
 eigi, eins og ályktunin gjörir ráð fyrir, fólgin í því einu að fara yfir íslenzk fornrit og þýða  
 útlend tungumál á Íslenzku. Þvert á móti er kennslunni í Íslenzku í lærða skólanum hagað  
 samkvæmt ákvæðum reglugjörðar hans frá 12. júlí 1877, 4. gr. nr. 1., og virðist ekkert að  
 þeim reglum að finna, og í hinum skólunum er kennslunni hagað á líkan hátt. Um 7. lið  
 ályktunarinnar virðist nægja að taka það fram, að í flestum kennslugreinum lærða skólans er  
 annaðhvort alls engin eða þá engin nýt íslenzk kennslubók til, og að því leyti sem íslenzkar  
 kennslubækur eru til, helzt sniðnar handa hinum lægri skólum, þá er um svo fáar að  
 velja, að valið ætti eigi að verða ördugt fyrir hlutadeigandi kennara, án bendinga frá yfirboð-  
 urum hans.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, get jeg eigi álitid að næg ástæða sje til að  
 taka hina umræddu þingsályktun til greina.

skrá nefnds sjóðs er dagsett 4. marz 1878, og staðfest af Hans Hátign konunginum 31. júlí s. á., — hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m., tekið það fram, að, þótt neyð sú og það tjón, sem orsakazt hefir af jarðsjálpunum, stafi eigi beinlínis af eldgosi, þá virðist það geta heimfærzt undir orðin í 2. lið 1. málsgrein i. f. í skipulagsskránni, og hafið þjer því lagt það til, að ráðaneytið vilji veita samþykki sitt til þess að svo mikilli upphæð, sem ákvæði skipulagsskrárinnar heimila, verði varið til styrktar þeim, er beðið hafa tjón af optnefndum jarðskjálptum. **163** 4. des.

Það skal fyrst tekið fram að af umgetnum styrktarsjóð, sem samkvæmt skýrslu yðar er orðinn 35,000 krónur, getur eptir skoðun ráðaneytisins að eins komið til tals að verja helmingi hins upprunalega höfuðstóls, eða 8250 kr., í hag annara hjeraða Íslands en Múlasýslnanna, því að bæði hinum helmingnum og viðbótinni, sem líklega hefir myndazt af óeyddum vöxtum, má eptir skipulagsskránni að eins verja handa nefndum sýslum. En ráðaneytið verður einnig að telja það varhugavert, að veita samþykki til þess, að fyrnefndum helmingi sje varið handa þeim, sem beðið hafa tjón af jarðskjálptunum, því að orðin í 2. lið 1. málsgrein i. f. í skipulagsskránni: »viðlíka neyð og tjón í öðrum hjeruðum Íslands« virðist verða að skiljast svo sem átt sje við viðlíka neyð og tjón af ókomnum náttúruviðburðum, og talað er um að hafi átt sjer stað í Múlasýslunum útaf eldgosi, en til þessa virðist óhamingja sú, sem nú hefur komið fyrir, eigi geta heimfærzt.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðendunum.

**Brjef landshöfðingjans yfir Íslandi til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 11. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Stafafelli í Austurskaptafellsprófastsdæmi, Jón prófastur Jónsson, taki allt að 2000 kr. embættislán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, til byggingar tvíloptuðu timburhúsi á prestssetrinu, með þeirri stærð og því fyrirkomulagi, sem fram er tekið í áðurnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. Ennfremur er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins ekki verði útborgaður fyrri en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt með  $\frac{1}{20}$  hluta lánsins á ári, auk vaxa, að sannað verði á fultryggjandi hátt að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, bæjardyr með göngum, eldhús, göng til stofu, stofa og búr, að presturinn haldi húsinu váttryggðu fyrir 28,00 kr. að minnsta kosti og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi. **164** 22. des.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.